

## Starfslýsing, skólameistari

---

### Starf

Skólameistari

### Næsti yfirmaður

Menntamálaráðherra

### Starfshlutfall

100%

### Tilgangur og markmið starfs

Skólameistari veitir Menntaskólanum á Akureyri forstöðu. Hann vinnur eftir skólasýn MA, lokamarkmiðum náms og skólabrag eins og kemur fram í skólanámskrá MA.

Skólameistari ber ábyrgð á að verkefni skólans séu framkvæmd innan þess fjárhags- og tímaramma sem hefur verið áætlaður og samþykktur. Hann skal vinna verk sín af trúmennsku og í góðu samstarfi við aðra stjórnendur, samstarfsfólk, nemendur og aðstandendur. Hann skal sjá um að verkefni séu vel af hendi leyst og séu í samræmi við stefnu skólans, lög og reglugerðir ásamt öðrum reglum sem skólinn setur sér og starfsmönnum sínum.

### Helstu verkefni

Skólameistari skal m.a.:

- Bera ábyrgð á starfsemi skólans, menntunar- og uppeldishlutverki, þróunarstarfi innan hans, gerð skólanámskrár og innritun nemenda
- Bera ábyrgð á eignum, fjárreiðum og öðrum rekstri skólans
- Vinna með skólanefnd að gerð fjárhags- og starfsáætlana til lengri og skemmri tíma og sjá til þess að þeim sé framfylgt
- Sjá um að lögum, reglugerðum og námskrá sé framfylgt
- Ráða, að höfðu samráði við skólanefnd, starfsfólk skóla eftir því sem gildandi lög segja til um og skipta með þeim verkum
- Hafa yfirumsjón með starfi kennara og annarra starfsmanna skólans og fylgjast með því að þeir ræki skyldur sínar og njóti þeirra réttinda sem þeim ber
- Sjá til þess að fylgst sé með því að nemendur stundi nám sitt, hlíti þeim reglum sem settar eru og njóti þeirra réttinda sem þeim ber
- Taka afstöðu til og úrskurða um álitamál vegna innra starfs og starfstíma skólans
- Sjá um tengsl skólans út á við, m.a. við aðstandendur nemenda, aðra skóla og aðila á öðrum sviðum atvinnulífsins
- Vera framkvæmdastjóri skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt

## Starfslýsing, skólameistari

---

- Vera oddviti skólaráðs
- Kalla saman kennarafundi
- Bera ábyrgð á innra mati á starfi skólans
- Bera ábyrgð á að starfsemi skólans sé kynnt
- Bera ábyrgð á innleiðingu, framkvæmd og eftirfylgni jafnlaunavottunar
- Sjá til þess að fyrir liggji upplýsingar um skólastarfið og að nauðsynlegar skýrslur um það séu gerðar

### Ábyrgð

Skólameistari ber ábyrgð á rekstri og stjórnun skólans og þeirri starfsemi sem fellur undir hann.

### Menntun, reynsla og hæfni

Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari fer eftir ákvæðum laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019. Ráðherra skipar skólameistara að fenginni umsögn skólanefndar um umsækjendur, skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

### Annað

Í 3. grein reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla segir:

Menntamálaráðherra skipar skólameistara við framhaldsskóla til fimm ára í senn að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar og setur honum erindisbréf, sbr. auglýsingu um erindisbréf skólameistara í framhaldsskólum nr. 453/1997.